

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 14.175 á íbúð, m.v. 240 l sorptunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum. Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna.
- 2.2 Húsfélög geta fengið 660 l eða 1100 l sorpílát án endurgjalds. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1049/2006.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 18. desember 2007. Fyrri umræða fór fram þann 27. nóvember 2007.

Akranesi, 7. janúar 2008.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2008